

# Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

***Verðskrá:***

| | |
|---|---|
| *Hálfsíðuauglýsing* | *kr. 4.350.– m.vsk* |
| *heilsiðuauglýsing* | *kr. 6.300.- m vsk.* |

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan

Dagný Pétursdóttir 8953386

7.tbl.
15. feb. 2023
30 árg.

# Hlaupastelpan

*Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386*






## Félagsstarf eldri borgara Mývatnssveit

Fulltrúar sveitarfélagsins úr Íþrótta- tómstunda- og menningarnefnd munu koma í heimsókn í félagsstarfið í ÍMS þann 16. febrúar kl. 13 og ræða um mögulegt framtíðarhúsnæði fyrir starfsemina og starfið framundan. Hvetjum sem flesta 60 ára og eldri til að mæta og leggja fram sínar hugmyndir að fjölbreyttu og skemmtilegu félagsstarfi í vetur.

Íþrótta- tómstunda- og menningarnefnd



## Aðalfundur Rauða krossins í Þingeyjarsýslu

**Aðalfundur Þingeyjarsýsludeildar** Rauða krossins verður haldinn

**mánudaginn 27.febrúar kl. 18.30 í Öxi, Kópaskeri**

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Innsendar tillögur skv. 6. mgr. 21. gr.
6. Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
7. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra. Skv. 22. gr.
8. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu **félagsgjöld fyrir árslok 2022**. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning.

**Stjórnin**

Rauði krossinn



# Messa á Einarsstöðum

Almenn guðsþjónusta verður á Einarsstöðum
næstkomandi sunnudag, 19. febrúar kl. 11:00.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



# Kyrrðarstund í Draflastaðakirkju

Kyrrðarstund verður í Draflastaðakirkju
miðvikudagskvöldið 22. febrúar kl. 20.00

Söngur , bænir og friðsæl stund.

Sr. Hafdís Davíðsdóttir

SPARISJÓÐUR
Suður-Þingeyinga

## Sumarstarf í afgreiðslu – Laugar og/eða Mývatnssveit

Við leitum að metnaðarfullu starfsfólki með ríka þjónustulund í þjónustu- og afgreiðslustörf hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga á Laugum eða í Reykjahlíð Mývatnssveit.

***Helstu verkefni og ábyrgð***

- Móttaka og þjónusta við viðskiptavini
- Upplýsingagjöf, sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Önnur verkefni

***Menntunar- og hæfniskröfur***

- Rík þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Stúdentspróf er æskilegt
- Vandvirkni

Hjá okkur muntu fá tækifæri til að takast á við spennandi verkefni og vinna með skemmtilegu fólki.
Starfið felur í sér tækifæri til þjálfunar og þróunar

**Opnunartími Sparisjóðsins er**
frá kl 10 – 16 mánudag til fimmtudags og
kl 10 – 15 á föstudögum.

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2023.

Fyrirspurnir og umsóknir
má senda á netfangið helgadogg@spthin.is

---

**Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu**

**Viltu hafa áhrif?**

Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu leitar að **nýju fólki** í stjórn

Helstu verkefni stjórnarmeðlima eru:

- Umsýsla við innviðaverkefni deildarinnar
- Að leita leiða til að styðja við og styrkja sjálfboðaliða
- Samskipti við RKÍ
- Fræðsla um starfsemi deildarinnar

Áhugasamir hafi samband sem fyrst við
formadur.thing@redcross.is

**Rauði krossinn**

---

## Styrkir til íþrótta- og æskulýðsstarfs

Íþrótta- tómstunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþrótta- og æskulýðsstarfs á árinu 2023. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða til Óskar á netfangið okkah@hotmail.com í síðasta lagi 28.feb. n.k.
***Ath. minnum styrkþega 2022 á að skila inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.***
**Íþrótta- tómstunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar**